

2. gr.

Nú hefur innflytjandi fengið innflutningsgjaldið endurgreitt af öðrum orsökum en greinir í 1. tl. 1. gr., svo sem vegna útflutnings vörunnar eða þess háttar og kemur þá ekki til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Endurgreiðslan fer fram hjá ríkisféhirði, Arnarhvoli, Reykjavík, enda sé um-sókn skrifleg og studd fullnægjandi sönnunargögnum.

4. gr.

Krafa um endurgreiðslu innflutningsgjalds skv. þessari reglugerð verður því að-eins tekin til greina, að henni sé lýst innan tveggja mánaða frá dags. á afreikn-ingi banka sbr. 1. gr., lið 2.3.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68/1968 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. nóvember 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun karteflna og grænmetis, nr. 162 28. september 1962.

1. gr.

1. og 2. málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Ráðherra ákveður og auglýsir eftir tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins með nægum fyrir-vara, hvaða afbrigði skulu teljast til I. flokks og II. flokks. Við mat á kartöflum skal fullnægt eftirfarandi atriðum, eftir því sem frekast er unnt: I. flokkur: Í 1. flokki mega aðeins vera kartöflur af þeim afbrigðum, sem Rannsóknastofnun land-búnaðarins ákveður. Hrein afbrigði aðgreind í tvo stærðarflokka frá 28 gr til 42 gr (þ. e. aðgreindar á 33 m/m netsigti) og 40 gr og þar yfir (þ. e. aðgreindar 40 m/m netsigti). Kartöflurnar skulu vera þurrar og heilbrigðar vel með farnar og fallegar útlits. Grænar og verulega hýðisskemmdar kartöflur má ekki selja í I. flokki.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Auglýsing þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 59 19. júlí 1960, um Framleiðslu-ráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. október 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.